



# Reglugerð um heiðursviðurkenningar LSS

Stjórn Landsambands slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna veitir viðurkenningar til þeirra félagsmanna sem unnið hafa að framgangi fag- og stéttarfélagsins skv. Eftirfarandi:

## 1. gr. Inngangur

Viðurkenningar til slökkviliðs-, Sjúkraflutningamanna og neyðarvarða:

### Merki LSS 10 ára:

10 ára merki LSS skal veita þeim félagsmönnum sem starfað hafa í 10 ár.

### Merki LSS 20 ára:

20 ára merki LSS skal veita þeim félagsmönnum sem starfað hafa í 20 ár.

### Merki LSS 30 ára:

30 ára merki LSS skal veita þeim félagsmönnum sem starfað hafa í 20 ár.

## 2. gr. Viðurkenningar

Viðurkenningar fyrir störf í þágu Landsambands slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna.

### Bronsmarki

Bronsmarki skalv veita þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu, vexti og viðgangi LSS. Bronsmarki er veitt fráfarandi stjórnarmönnum og/eða trúnaðarmönnum eftir 6 ára stjórnar og/eða trúnaðarsetu.

### Silfurmerki

Silfurmerki er veitt þeim sem hafa unnið að þýðingarmiklu starfi í þágu LSS. Silfurmerki er veitt fráfarandi stjórnarmönnum og eða trúnaðarmönnum eftir 10 ára stjórnar og/eða trúnaðarsetu.

### Gullmerki

Gullmerki er veitt þeim sem hafa unnið langvarandi og þýðingarmikið starf í þágu LSS og þeim sem hafa unnið LSS ómetanlegt gagn. Gullmerki er veitt fráfarandi stjórnarmönnum/trúnaðarmönnum eftir 15 ára stjórnar og/eða trúnaðarsetu. Gullmerki er veitt fráfarandi formönnum.

## 3. grein Viðurkenningarskjöldur

Það fyrirtæki/stofnun sem hefur verið LSS til halds og stuðnings og/eða veitt þeim mikla aðstoð vegna ítarlegra mála/verkefna skal veitt viðurkenningarskjöldur.



#### 4. grein

Viðurkenningar skulu veittar þeim sem eru starfandi ásamt þeim sem komnir eru á eftirlaun.

Viðurkenningar skulu veittar á þingi LSS.

**Samþykkt á 16. þingi LSS, 16. apríl 2016.**